

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vesturbyggð.

*Breyting á deiliskipulagi Vatneyrar, hafnar- og þjónustusvæðis á Patreksfirði.*

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 14. júlí 2022 breytingu á deiliskipulagi Vatneyrar, hafnar- og þjónustusvæðis á Patreksfirði. Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu á fjórum nýjum lóðum á athafnasvæði við Bjarkargötu. Breytingartillagan var auglýst með athugasemdafresti til 28. júní 2022.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Patreksfirði, 15. september 2022.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. október 2022